

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Fornleifaskráning vegna breytinga á línuleið Dalvíkurlínu 2



Bjarni F. Einarsson 2023

Forsíðumyndin sýnir rústir eða rústasvæði Mýrarlóns (Fornleifar nr. 11:1 á Akureyri. Horft mót NA. Ljósmynd. BFE 2023).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landsnet
Maí 2023

Inngangur

Að beiðni Landsnets kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á hugmynd að breyttri legu Dalvíkurlínu 2 við Timburstaði, Moldhauga og Mýrarlón í Eyjafirði. Svæðin eru sýnd á myndum 1 og 2.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur, túnakort og örnefnaskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 19. maí síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu Akureyri.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 3) með staðsetningu fornleifa.

Áður hafa verið gerðar tvær fornleifaskráningar á svæðinu (Snædís Gunnarsdóttir o.fl. 1998 og Orri Vésteinsson o. fl. 1999) auk fyrri skýrslur undirritaðs vegna Dalvíkurlínu 2.

Fulltrúi verkkaupa var Friðrika Marteinsdóttir hjá Landsneti á Akureyri.



Mynd 1. Ný lega Dalvíkurlínu 2 við Tréstaði og Moldhauga. (Loftmynd: Landsnet).

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Næstu friðlýstu fornleifar eru kirkjurúst og garður á Snæfoksstöðum sem friðlýstar voru árið 1966 (Fornleifasrka 1990:76). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

| Nr. | Teg | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugildi | Fryðlys? | Flöggun |
|------|----------------|-----|----------|--------|--------|-----------|--------------|-----------------|----------|---------|
| 11:1 | Bæjarstæði | 1 | Línulögn | Lítill | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert (7) | Talsvert (7) | Nei | Flöggun |
| | Samtals | 1 | | | | Meðaltal: | 7 | 7 | | |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minjar við Mýrarlón. Hér er lagt mat á hættu vegna fyrirhugaðrar strenglagnar og fylgiframkvæmda. Ekki er talin viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdum.



Mynd 2. Ný lega Dalvíkurlínu 2 við Mýrarlón. (Loftmyndir: Landsnet).

Aðeins einar minjar voru skráðar í tengslum við vettvangskönnunina nú og töldust þær hafa talsvert minja- og varðveislugildi þrátt fyrir seinni tíma rask, en minjarnar voru leyfar bæjarins Mýrarlóns. Þar var byggt steyp tús árið 1941 (Orri Vésteinsson o.fl. 1998:17).

Rústir sem sýndar eru á túnakorti eru langt frá og ekki í hættu. Vel er hægt að leggja kapalinn í jörðu við bæjarstæðið án þess að raska því.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Geymsla á t.d. strengkeflum, vélum og tækjum er óheimil á og innan 15 m frá fornleifum og hið sama á við um umferð vinnuvéla og annarra vélknúinna tækja. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Einar fornleifar fundust nú og voru það leifar bæjarins Mýrarlóns. Teljast þær hafa talsvert minja- og varðveislugildi (7 í einkun). Leifarnar teljast vera í lítilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu línulagnar. Hugsanlega er hægt að sneiða hjá fornleifunum, en sé það ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim



Mynd 3. Staðsetning bæjarstæðis Mýrarlóns. (Loftmynd: Landnet).

fylgir 15 mfríðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Elín Óks Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi II*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1999.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Eyjafirði. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár*. Minjasafnið á Akureyri - Fornleifastofnun Íslands. Akureyri 1998.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012. minjastofnun.is *Minjavefsja*.

Túnakort. Mýrarlón. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Akureyri Nr.11:1.

Aðalnr.

| | | | | |
|-------------------|--------------|------------------|----------|----|
| Sýsla | Sveitarfélag | Nív. sveitarfél. | Hverfi | 11 |
| Eyjafjarðarslýsla | Akureyri | | | |
| Landareign | Mí.Nr | Heiti | Undirnr. | |
| Mýrarlón | | Mýrarlón | 1 | |

| | | | | | |
|---------------------|-----------|-----------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 19.5.2023 | A 538458,5 N 577543,9 | Isn 93 | | |

| | | | |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
| Bæjarstæði | | Eyja 22 1 og 2 | 1 |
| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur |
| Ekkert | Engin | Lélegt | 1550-1900 |
| Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| | Línulögn | Lítill | Nei |
| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 |
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 |
| Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær | |
| | Nei | | |

Lega og staðhættir

Í túni við malarveg.

Heimildir og munnmæli

Elín Óks Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi II*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1999.

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Eyjafirði*. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár. Akureyri 1998.

Túnakort. Mýrarlón. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Bæjarstæði.

Á um 27 x 37 m stóru svæði. Ekki er hægt að greina einstök rými en þó má greina nokkra bolla og veggjabrot.

1941 var byggt hús úr steypu á bæjarstæðinu sem var svo rífið fyrir einhverjum áratugum.

Yfir bæjarstæðið liggur malarvegur að vestanverðu og að norðan liggur ljósleiðari yfir jaðar bæjarstæðisins.

Fornleifarnar voru áður skráðar undir númerinu Ey-240-001 (Orri Vésteinsson o.fl. 1998:17). Þar segir m.a. að þar hafi staðið steinhús sem byggt var 1941 sem búið sé að jafna við jörðu. Nokkuð var af steypum kubbun á bæjarstæðinu og er svo enn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að sækja um leifi til Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.